



**Fundargerð 87. fundar dómara nefndar SSÍ mánudaginn
25. febrúar 2019 haldin í Pálsstofu, Laugardalslaug.**

Mættir: Björn Valdimarsson, Viktoría Gísladóttir, Hilmar Örn Jónasson, Sigurður Óli Guðmundsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Sigurbjörg Sævarsson.

Forföll: Hilmar T. Björgvinsson, Bryndís Sigurðardóttir, Lilja Ósk Björnsdóttir.

Fundur settur kl. 17:30

Fundarefni:

1. Skráningar á dómara námskeið en sem komið er eru dræmar, eingin skráning kominn á námskeið 28. Febrúar. Námskeið í Hafnarfirði, ein skráning. Breytt dagsetning í Reykjanesbær er 14. Maí staðsetning auglýst síðar.
2. Dómara nefnd hefur borist listi yfir þau mót sem verður sótt um fyrir dómara að sækja til útlanda. Sjá fundargerð stjórnar SSÍ á heimasíðunni. Sendur verður póstur til dómara á FINA lista nr. 19 og 20 til umsóknar.
3. Í framhaldi af samræðum við Ingibjörgu Helgu Arnardóttur um lit á bol fyrir starfandi dómara, er dómara nefnd búin að vera huga að breytingu á dómara fatnaði. Dómara nefnd mælir með að hafa svartar buxur, svarta skó og bláan bol. Dómara nefnd hefur hug á að byjar notkun á svörtum buxum og svörtum skóm á Ásvallamótinu og ÍM50.
4. Dómara nefnd er að yfirfara dómara lista. fjórir dómara nemar hafa uppfyllt næga punkta og verða þeir færðir á almenna dómara lista og birt á heimasíðu SSÍ á næstunni. Verður tveir dómara listar

birtir, annarsvegar listi í stafrófsröð og hinsvegar eftir
sundfélögum

5. Dómaranefnd er að skoða mögulega yfirdómaranema á
landsbygðinni.

**Næsti fundur dómarnefndar verður 25. mars 2019 staðsetning
auglýst síðar.**

Fundi slitið kl 18:30